

E 17/2021

Fyrirspyrjandi: Flokkahópur miðjumanna
Til: Ríkisstjórn á Norðurlöndum

Til ríkisstjórn á Norðurlöndum

**Skrifleg fyrirspurn
um hvata norrænna ríkisstjórn til að einkageirinn leggi gott til
loftslagsmála**

Norðurlönd hafa umfram flest önnur lönd metnað fyrir loftslagsmálum og gera hvers kyns framtaki til hagsbóta fyrir græn umskipti hátt undir höfði, bæði heima fyrir og á erlendum vettvangi. Norrænar stofnanir sem beita sér fyrir bættum loftslagsgæðum njóta mikils alþjóðlegs trausts og hafa hlotið verðlaun fyrir störf að framförum í grænum umskiptum og sjálfbærri þróun. Því miður er hlutdeild einkafjárfesta og norrænna fyrirtækja í grænum umskiptum minni en efni standa til.

Í lok árs 2020 leiddu South Pole og Gaia saman einkafjárfesta, fyrirtæki, fulltrúa almennasamtaka og hugmyndasmiði á tveimur fundum til að laða fram ástæður þess að fjárfestar og fyrirtæki stuðli ekki frekar að grænum lausnum en raun ber vitni og hvernig ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum geti hvatt mismunandi aðila til að leggja hönd á plóg í ríkara mæli.

Á fundum þessum kom eftirfarandi fram:

- Norrænir fjárfestar og fyrirtæki ryðja með ánægju braut grænna umskipta en þurfa á ýtarlegri leiðsögn og hvötum að halda af hálfu ríkisstjórnanna á Norðurlöndum.
- Stjórnvöld á Norðurlöndum gætu stuðlað að stöðlun loftslagsupplýsinga með því að styðja notkun talnagagna og brúa bilið milli rannsókna og atvinnulífs.
- Einkageirinn á Norðurlöndum er fylgjandi samstarfsþingum sem geta leitt til framfara.
- Ríkisstjórnir landanna ættu einnig að taka upp samræmda aðferðarfræði við skýrslugjöf um aðgerðir í loftslagsmálum og grænum umskiptum (TCFD = Task Force on Climate-related Financial Disclosures).



Með hliðsjón af framangreindu er spurt:

- Til hvaða ráðstafana hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum gripið til að mæta þeim kröfum sem fram komu á áðurnefndum fundum árið 2020?
- Hvaða hvata hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum skapað til að örva og auðvelda loftslagsaðgerðir, græn umskipti og grænar fjárfestingar eða tillag innan einkageirans?

Rafrænt hinn 24. júní 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Erling Bonnesen (V)

Heli Järvinen (grænum)

Inga Sæland (Flf)

Jaspur Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ole André Myhrvold (Sp)

Rebecka Le Moine (grænum)

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Simon Holmström (HI)

Torhild Bransdal (KrF)